BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 600

# Hulda Dóra Jakobsdóttir

(1911-1998)

og

# Finnbogi Rútur Valdimarsson

(1906-1989)

## Skjalaskrá


Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is

*Einkaskjalasafn nr. 600*

# Hulda Dóra Jakobsdóttir og Finnbogi Rútur Valdimarsson

Formáli

Hulda Dóra Jakobsdóttir fæddist 21. október 1911 í Reykjavík. Móðir hennar var Guðrún Sesselja Ármannsdóttir fædd 20. september 1886, dóttir Katrínar Sveinsdóttur og Ármanns Jónssonar, skipasmiðs og hreppstjóra á Saxhóli á Snæfellsnesi. Systkini Guðrúnar sem upp komust voru: Sveinborg húsfreyja í Reykjavík og Kristinn rektor Menntaskólans í Reykjavík. Faðir Huldu var Jakob Bjarnason vélstjóri fæddur 1888 á Flateyri, sonur Hildar Elísabetar Þorláksdóttur frá Skálavík og Bjarna Bjarnasonar sjómanns frá Sæbóli á Ingjaldssandi. Þau Guðrún og Jakob giftu sig í Reykjavík 21. október 1910. Skömmu síðar lést Hildur Elísabet og ungu hjónin tóku þá systur Jakobs Margréti að sér. Margrét lést úr berklum á Vífilsstöðum rúmlega tvítug en skildi eftir sig undurfallegar hannyrðir.

Jakob og Guðrún bjuggu fyrstu hjúskaparárin við Bergstaðastræti, en fluttu síðan á Skólavörðustíg 23 þar sem þau byggðu tveggja hæða steinhús. Þau eignuðust fimm börn: Gunnar, Ármann, Halldór og Guðrúnu, auk Huldu Dóru. Hulda Dóra lauk stúdentsprófi 1931 og prófi í forspjallsvísindum við Háskóla Íslands 1932. Hún hafði hafið nám í rómönskum tungumálum þegar faðir hennar féll frá 1933. Jakob fórst í miklu sjóslysi við Grindavík 10. apríl 1933, þegar togarinn Skúli fógeti strandaði. Togarinn var á leið frá Englandi, en Gunnar bróðir Huldu var einn af áhöfninni í þetta sinn og drukknaði hann einnig. Kreppan mikla var þá skollin á og engin leið fyrir Guðrúnu að kosta bæði háskólanám Huldu og nám bræðranna Ármanns og Halldórs sem þá voru í Menntaskólanum í Reykjavík. Hulda fékk þá vinnu við erlendar bréfaskriftir hjá Efnagerð Reykjavíkur sem þá var til húsa við Laugaveg þar sem nú er apótekið Lyfja. Guðrún hóf einskonar veitingarekstur og tók “kostgangara” í mat heim til sín. Einn þeirra var Finnbogi Rútur Valdemarsson, ritstjóri Alþýðublaðsins, þá nýkominn frá námi erlendis.

Finnbogi Rútur Valdemarsson fæddist 24. september 1906 í Fremri- Arnardal við Skutulsfjörð í Norður-Ísafjarðarsýslu. Hann var sonur Elínar Hannibalsdóttur og Valdimars Jónssonar bónda þar, en hann fæddist að Eyri í Ingólfsfirði í Strandasýslu. Finnbogi var skírður í höfuðið á ömmubróður sínum, séra Finnboga Rút Magnússyni en Elín móðir hans hafði að miklu leyti alist upp hjá ömmu sinni Guðrúnu Magnúsdóttur (1802-) sem hafði tvítug að aldri gifst séra Arnóri Jónssyni, prófasti í Vatnsfirði sem þá var um sextugt. (Sjá E-599, bréfasafn Sigríðar Valdemarsdóttur í Borgarskjalasafni). Finnbogi Rútur var í hópi 10 barna foreldra sinna. Fjögur létust í æsku og Arnór, loftskeytamaður, lést rúmlega tvítugur úr bráðaberklum, en Jón vélstjóri á Ísafirði, Guðrún ljósmóðir í Reykjavík, Hannibal skólastjóri, alþingismaður og ráðherra og Sigríður ritari hjá Landssíma Íslands á Ísafirði og síðar í Reykjavík náðu öll háum aldri.

Elín og Valdemar hófu búskap sinn að Strandseljum við Ísafjarðardjúp en fluttu síðan í Fremri- Arnardal og bjuggu þar í nokkur ár. Þeim mun hafa þótt þröngt um sig í Fremra-

Arnardal og vildu stærri jörð. Þau fluttu þessvegna að Bakka í Ketildölum við Arnarfjörð. Þar urðu þau fyrir þeirri ógæfu að bær þeirra brann til kaldra kola á nýársnótt. Eftir það bjuggu þau á ýmsum stöðum við Arnarfjörð en fluttust síðan í Hnífsdal við Ísafjarðardjúp og að lokum til Ísafjarðar. 1920 var Valdemar skorinn upp við magasári á spítalanum á Ísafirði en lést skömmu eftir uppskurðinn.

Systkinin voru öll góðum gáfum gædd og vildu ganga menntaveginn en fóru öll að vinna eftir föðurmissinn. Finnbogi Rútur fékk sitt fyrsta sjóferðabréf 14 ára en var fljótlega tekinn inn á skrifstofu hafnarstjóra. Hann las svo heima og tók gagnfræðapróf á Akureyri en settist síðan í Menntaskólann í Reykjavík og lauk þaðan stúdentsprófi 1926. Hann hóf nám í lögfræði við Háskóla Íslands en hélt síðan til Parísar og síðar Genf og lagði stund á alþjóðarétt við háskóla þar. Einnig dvaldi hann við nám í Róm og Berlín. Hann kom heim 1933 og gerðist ritstjóri Alþýðublaðsins. Hann var einnig á þessum árum framkvæmdastjóri bókaútgáfu Menningar- og fræðslusambands alþýðu sem átti miklu gengi og vinsældum að fagna um áraraðir. Hann lét þýða ýmsar perlur heimsbókmenntanna á íslensku og sá til þess að þær væru á boðstólum um allt land en ekki aðeins í Reykjavík. Finnbogi Rútur var einn af stofnendum Prentsmiðjunnar Odda, ásamt nokkrum ungum prenturum í Ísafoldarprentsmiðju. Hann átti sæti í útvarpsráði 1939-1945, í stjórn Byggingasjóðs kaupstaða og kauptúna og Byggingasjóðs verkamanna 1957-1967.

Hulda Dóra og Finnbogi Rútur giftu sig 1938 og bjuggu fyrst í Reykjavík, en fluttust að Marbakka við Fossvog 10 maí 1940 (sama dag og breskur her steig á land í Reykjavík). Þar var heimili Huldu og Finnboga til æviloka. Fyrstu árin í Fossvogi stunduðu þau búskap ásamt vinnu í Reykjavík en sneru sér síðan alfarið að öðru. Þau eignuðust fimm börn á tíu árum þau: Elínu (1937-), Gunnar (1938-), Guðrúnu (1940-), Sigrúnu (1943-) og Huldu (1947-). Fyrir átti Finnbogi Auði (1928-) með Sigríði Guðjónsdóttur. Ásamt börnum sínum brutu þau land á miðju Kársnesi og breyttu urð og grjóti í fallegt tún, sem nú er nefnt Rútstún. Þau gáfu Kópavogsbæ jarðir sínar í Kópavogi. Finnbogi Rútur var varaoddviti og oddviti Seltjarnarneshrepps, sem Fossvogur tilheyrði þá en síðar oddviti Kópavogshrepps, fyrsti bæjarstjóri 1955-1957, en þá tók Hulda Dóra við af honum til 1962 og varð fyrsta kona til að gegna því starfi á Íslandi. Finnbogi Rútur var alþingismaður 1949-63 og bankastjóri Útvegsbanka Íslands 1957-72. Hulda var formaður kvenfélags Kópavogs, formaður bygginganefndar Kópavogskirkju og formaður Fræðsluráðs Kópavogs um árabil. Finnbogi Rútur sat í ótal nefndum á vegum Alþingis, einkum þeim sem fjölluðu um utanríkismál. Þau hjónin urðu fyrstu heiðursborgarar Kópavogsbæjar. Eftir að þau létu af störfum sinntu þau hugðarefnum sínum að Marbakka. Hulda var mikil ræktunarkona en Finnbogi mjög bókelskur og átti gott safn erlendra og íslenskra bóka. Þau ferðuðust talsvert saman og heimsóttu börn og barnabörn sem bjuggu í Frakklandi og Þýskalandi. Þau áttu góða elli og voru sátt við líf sitt og störf. Barnabörnin urðu þeim mikill yndisauki og þau sóttust mjög eftir því að heimsækja afa og ömmu á Marbakka.

Finnbogi Rútur lést 19. mars 1989. Hulda Dóra bjó á Marbakka til æviloka, síðustu árin í skjóli yngstu dóttur sinnar Huldu. Hún lést 31. október 1998. (Formáli frá Guðrúnu Finnbogadóttur).

Sjá einnig einkaskjalasafn nr. 599, Sigríður Valdimarsdóttir.

*Afhending*: Guðrún Finnbogadóttir afhenti Borgarskjalasafni Reykjavíkur skjalasafn Huldu Dóru Jakobsdóttur og Finnboga Rúts Valdimarssonar, 20. júlí 2016.
*Innihald*: Bréf, einkunnir, vottorð, samningar, vegabréf, skírteini, ræður, greinar, ráðstefnur, fundir, segulbandsspólur, ljósmyndir, munir o.fl.
*Tími*: 1913-2005.
*Magn*: 25 öskjur.

# Skjalaskrá

*Bréfa- og málasafn*

## Askja 1
*Bréfa- og málasafn 1928-2005.*

Örk 1
Dagbók Finnborga Rúts Valdimarssonar, 1928.
Bréf, kort o.fl. til Finnboga Rúts Valdimarssonar, 1929-1989.

Örk 2
Bréf og skeyti til Huldu Dóru Jakobsdóttur frá Finnboga Rút Valdimarssyni, 1953? og 1957.

Örk 3
Bréf til og frá Huldu Dóru Jakobsdóttur, Finnboga Rút Valdimarssyni, fjölskyldu o.fl., 1930 og 1951-1979.

Örk 4
Bréf til og frá Huldu Dóru Jakobsdóttur, Finnboga Rút Valdimarssyni, fjölskyldu o.fl., 1981-1989.

Örk 5
Bréf til og frá Huldu Dóru Jakobsdóttur, fjölskyldu o.fl., 1990-1999.
Samúðarkort til Sigrúnar Finnbogadóttur,  2005.

## Askja 2
*Bréfa- og málasafn 1930-1997*.

Örk 1
Bréf, kort o.fl. til Huldu Dóru Jakobsdóttur, 1930-1967.

Örk 2
Bréf, kort o.fl. til Huldu Dóru Jakobsdóttur, 1967-1997.

Örk 3
Bréf, kort og skeyti til Huldu Dóru Jakobsdóttur og Finnboga Rúts Valdimarssonar, 1960-1989.

Örk 4
Heillaskeyti til Huldu Dóru Jakobsdóttur, 1961-1996.

Örk 5
Heillaóskaskeyti til Finnboga Rúts Valdimarssonar, 1981 og 1986.

## Askja 3
*Bréfa- og málasafn, vottorð, einkunnir o.fl. 1927-1994.*

Örk 1
Bréf, kort o.fl. til Finnboga Rúts Valdimarssonar, einkamál og atvinnutengt, 1932?-1976.
Bréf til Harðar Ólafssonar frá Bjarna Helgasyni, 1952.

Örk 2 1927-1972
Fermingarvottorð Finnboga Rúts Valdimarssonar, dagsett 12. mars 1942.
Fæðingarvottorð Huldu Dóru Jakobsdóttur, dagsett 9. september 1947 (í litlu veski).
Fæðingarvottorð Finnboga Rúts Valdimarssonar, dagsett 5. janúar 1972, frumrit og afrit.
Lögreglustjórinn í Reykjavík. Ferðavottorð fyrir Huldu Dóru Jakobsdóttur til Englands, 22. september 1927.

Hinn almenni menntaskóli í Reykjavík. Einkunnir Huldu Dóru Jakobsdóttur, burtfararpróf úr gagnfræðadeild skólans, 30. júní 1928.
Hinn almenni menntaskóli í Reykjavík. Einkunnabók Huldu Jakobsdóttur í 3 bekk A, skólaárið 1930-1931.
Hinn almenni menntaskóli í Reykjavík. Einkunnir Huldu Dóru Jakobsdóttur, 30. júní 1931.
Vottorð rektors Háskóla Íslands fyrir Huldu Jakobsdóttur, 3. október 1931.
Universitas Islandiae. Vottorð um að Finnbogi Rútur Valdimarsson hafi notið kennslu í Háskóla Íslands skólaárið 1926-1927, 20. janúar 1930.
Arbeiderkalender, 1939.
Erfðaleigusamningur. Finnbogi Rútur Valdimarsson leigir landspildu úr landi jarðarinnar Sæbóls í Kópavogi, 4. júní 1942, afrit, 2 eintök.
Erfðaleigusamningur. Finnbogi Rútur Valdimarsson leigir landspildu úr landi jarðarinnar Kópavogur í Seltjarnarnesshrepp, 24. júlí 1942, afrit, 2 eintök.
Rafveita Hafnarfjarðar. Útreikningur á stofnlínu, heimtaug og efni og eyðublað um greiðslufjárskuldbindingu, 24. október 1942.
Kaupsamningur. Finnbogi Rútur Valdimarsson kaupir hlutabréf Skúla Árnasonar í Prensmiðjunni Odda h.f., 9. september 1944.
Bókaútgáfan Skuggsjá h.f., hlutabréf, 1. september 1944, 6 bréf.
Umboð til Finnboga Rúts Valdimarssonar vegna Prentsmiðjunnar Odda h.f. o.fl., 24. janúar og 8. mars 1945.
Bréf Finnboga Rúts Valdimarssonar til byggingarnefndar Seltjarnarnesshrepps vegna byggingaframkvæmda, 21. janúar 1946, afrit.
Reikningar til Finnboga Rúts Valdimarssonar vegna prentsmiðju við Kársnesbraut, í september 1946 og innborgað hlutafé 1946.
Kaupsamningur. Finnbogi Rútur Valdimarsson selur Ólafi B. Björnssyni prent- og bókbandsvélar og áhöld, 11. apríl 1947.
Kauptilboð í húseign Finnboga Rúts Valdimarssonar við Kársnesbraut, 20. maí 1949.
FUNI h.f. kaupir húseign við Kársnesbraut af Finnboga Rút Valdimarssyni, 28. maí 1949.
Afsal. Finnbogi Rútur Valdimarsson afsalar sér húseign við Kársnesbraut, 27. júní 1949, uppkast.
Lóðarleigusamningur. Landbúnaðarráðherrann leigir Funa h.f. byggingarlóð úr landi Marbakka í Kópavogshrepp, 28. júní 1949.
Samningur milli Finnboga Rúts Valdimarssonar og Hins íslenska steinolíufélags um kaup á geymi, 14. desember 1949.
Áætlun um prentsmiðju á Álftanesi, án árs.
*Sunnudagsblað Alþýðublaðsins (25. nóvember 1934): 4. páskasýning Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1972.* Sýningarskrár, umfjöllun um Finnboga Rút Valdimarsson, um sýninguna o.fl.

Örk 3
Lóðarleigusamningur handa Málningu h.f. fyrir lóð nr. 10 við Kársnesbraut í Kópavogshrepp, 6. mars 1954, afrit.
Veðbókarvottorð. Eignin Marbakki í Kópavogslandi, 27. maí 1958.
Forsætisráðuneytið. Tilkynning um að Alþingi hefji störf 10. október 1961, 13. september 1961.
Kvenfélag Kópavogs. Félagsskírteini Huldu Jakobsdóttur, 1965.
Kvenstúdentafélag Íslands. Félagsskírteini Huldu Jakobsdóttur, 1966.
Uppkast að bréfi til Skattstofu Reykjanesumdæmis, 30. nóvember 1968.
Uppkast að bréfi til Skattstofu Reykjanesumdæmis, 20. janúar 1969.
Merkishjón og fleira fólk, umfjöllun um Huldu Dóru Jakobsdóttur, Finnboga Rút Valdimarsson o.fl., *Alþýðublaðið*, 4. júní 1972.
Skiptasamningur milli Huldu Dóru Jakobsdóttur o.fl., 31. desember 1973.
Erfðafjárskýrsla Huldu Dóru Jakobsdóttur og Finnboga Rútar Valdimarssonar, 28. og 30. desember 1974.
Hulda Jakobsdóttir og Finnbogi Rútur Valdimarsson fyrstu heiðursborgarar Kópavogs: Ákvörðun bæjarstjórnar Kópavogs, blaðaúrklippa úr *Morgunblaðinu*, 9. október 1976.
Finnbogi Rútur og Hulda Dóra fyrstu heiðursborgarar í Kópavogi.
Fyrstu heiðursborgarar í Kópavogi, Hulda Jakobsdóttir og Finnbogi Rútur Valdimarsson, blaðaúrklippa úr *Dagblaðinu*, 17. mars 1977 og ræða Finnboga við það tækifæri.
Fyrstu heiðursborarar Kópavogsbæjar, Hulda Jakobsdóttir og Finnbogi Rútur Valdimarsson, blaðaúrklippa úr *Tímanum*, 18. mars 1977.
Heiðursborgarabréf afhent: Hulda Jakobsdóttir og Finnbogi Rútur Valdimarsson, blaðaúrklippa úr *Morgunblaðinu*, 18. mars 1977.

Fyrstu heiðursborgarar Kópavogs, Hulda Jakbosdóttir og Finnbogi Rútur Valdimarsson, blaðaúrklippa úr *Alþýðublaðinu*, 18. mars 1977.
Finnboga og Huldu afhent heiðursborgarabréf, blaðaúrklippa úr *Vísi*, 20. mars 1977.
Mælingar á Marbakka, samningar o.fl., 20. júní 1977.
Finnbogi Rútur Valdimarsson sjötugur, afmælisgrein í *Þjóðviljanum*, 24. september 1977.
Bréf til Kópavogskaupstaðar frá Huldu Jakobsdóttur og Finnboga Rúti Valdimarssyni þar sem þau afhenda og afsala sér eignarrétti að Marbakkalandi, 21. maí 1978, afrit, 3 eintök.
Bréf til bæjarráðs Kópavogskaupstaðar, vegna fasteignagjalda, 14. ágúst 1978, afrit.
Yfirlýsing Finnboga Rúts Valdimarssonar um að hann falli frá rétti á landsspildum í Kópavogslandi, 1978, uppkast og uppkast frá 21. maí 1958.
Bréf til bæjarráðs Kóðavogskaupstaðar vegna fasteignagjalda, 15. janúar 1979.
Veðbókarvottorð. Eiginin Marbakki, 5. febrúar 1979.
Bréf til bæjarráðs Kópavogskaupstaðar vegna Marbakka, 27. ágúst 1979, uppkast.
Lóðaleigusamningur. Bæjarstjórinn í Kópavogi leigir Finnboga Rúti Valdimarssyni lóð úr Kópavogslandi, 28. september 1979.
Bréf til Ásgeirs Ólafssonar forstjóra Brunabótarfélags Íslands, 17. nóvember 1979.
Bréf til Ásgeirs Ólafssonar forstjóra Brunabótarfélags Íslands, 1. september 1980.
Uppkast af bréfi vegna fasteignagjalda, 28. janúar 1980.
Afmæliskveðja til fyrrverandi ritstjóra Alþýðublaðsins, Finnbogi Rútur Valdimarsson 75 ára, afmælisgrein í *Alþýðublaðinu*, 24. september 1981, 2 blöð.
Hulda Jakobsdóttir fyrrverandi bæjarstjóri 70 ára, afmælisgrein í *Þjóðviljanum*, 21. október 1981.
Próf í sagnfræði, 1982.
Afsal. Finnbogi Rútur Valdimarsson selur Huldu Finnbogadóttur bifreiðina Y-894, 20. desember 1985.
Finnbogi Rútur Valdimarsson 80 ára, afmælisgreinar í *Morgunblaðinu,* 24. september 1986.
Hulda Jakobsdóttir 75 ára, afmæliskveðja í *Morgunblaðinu,* 21. október 1986.
Fréttabréf frá Kvenfélagi Kópavogs, 7. nóvember 1986.
Málverk af heiðursborgurunum afhjúpað. Hátíðarsamkoma í tilefni 40 ára afmælis Kópavogs, blaðaúrklippa úr *Morgunblaðinu*, 12. janúar 1988.
Bréf Jóns Þorlákssonar um að Finnbogi Rútur Valdimarsson sæki um stúdentastyrk til náms í þjóðarrétti, 29. júní 1988.
Gamli sumarbústaðurinn er nú eldhúsið mitt. Gylfi Gröndal ræðir við Huldu Jakobsdóttur fyrrum bæjarstjóra í Kópavogi, *Alþýðublað Kópavogs, án árs.*
Kjarnakona. Auglýsing endurminningabókar Huldu Jakobsdóttur *Við byggðum nýjan bæ*, sem gefin var út 1988.
Þykir vænt um þennan heiður, Sigfús Halldórsson kjörinn heiðursborgari Kópavogs. Með greininni er mynd af Sigfúsi Halldórssyni og Huldu Dóru Jakobsdóttur, *Morgunblaðið* 29. mars 1994.
Kort til Huldu Dóru Jakobsdóttur og fjölskyldu frá forseta Íslands. Hulda Dóra var sæmd hinni íslensku fálkaorðu, 1. desember 1994, orðan er í öskju nr. 25.
Bréf o.fl. 1961-1994.

Bók merkt Sigrún Finnbogadóttir, líklega leiðbeiningar fyrir tölvuvinnslu, án árs.

## Askja 4
*Bréfa- og málasafn, vegabréf, minnisbækur o.fl. 1957-1990.*

Diplomatic Passport. Hulda Jakobsdóttir, útgefið 1. febrúar 1957.
Vegabréf. Hulda Jakobsdóttir, útgefið 3. febrúar 1965.
Diplomatic Passport. Hulda Jakobsdóttir, útgefið 21. september 1967.
Vegabréf. Hulda Jakobsdóttir, útgefið 26. júlí 1972.
Ökuskírteini. Hulda Jakobsdóttir, útgefið 4. desember 1985.
Nafnskírteini. Hulda Jakobsdóttir.
Lítið veski með Eurocard, korti frá Almenna bókaklúbbnum og tveim Travel Assistance kortum.
Peningaveski frá Útvegsbanka Íslands.
Diplomatic Passport. Finnbogi Rútur Valdimarsson, útgefið 21. september 1967.
Peningaveski frá Útvegsbanka Íslands, í því er: Diplomatic Passport. Finnbogi Rútur Valdimarsson, útgefið 18. júní 1974 og blaðaúrklippa frá 1976.
Vegabréf. Finnbogi Rútur Valdimarsson, útgefið 29. mars 1979.
Vegabréf. Finnbogi Rútur Valdimarsson, útgefið 7. október 1982.
Vegabréf. Finnbogi Rútur Valdimarsson, útgefið 16. mars 1988.
Ökuskírteini. Finnbogi Rútur Valdimarsson, útgefið 8. október 1982.

Carte d´identité. Finnbogi R. Valdimarsson, Brussel, 1961.
Nafnskírteini. Finnbogi Rútur Valdimarsson, 2 skírteini.
Sjúkrasamlagsskírteini. Finnbogi Rútur Valdimarsson.
Sjúkrasamlagsskírteini- Icelandic Medical Card. Finnbogi Rútur Valdimarsson, 1988.
Tryggingastofnun ríkisins. Finnbogi Rútur Valdimarsson.
Stílabækur merktar Hulda Jakobsdóttir. Líklega stílar og glósur og ein með uppskrifuðum og innlímdum vísum, án árs, 4 bækur.
*The Economist Pocket Diary*. Finnboga Rútur Valdimarsson, 1967.
Veski frá Hótel- Restaurnat International í Lúxemborg. Í því er penni, blaðaúrklippur frá 1981 o.fl.
Minnisbók. Finnbogi Rútur Valdimarsson, án árs.
Personal, bók Huldu Dóru Jakobsdóttur, 1983. Í henni eru minnisblöð, reikningar o.fl.
Askja. Minnisbók Huldu Dóru Jakobsdóttur 1980-1990.
*The Economist Diary*. Finnbogi Rútur Valdimarsson, 1967.

## Askja 5
*Bréfa- og málasafn 1929-1998.*

Örk 1
Greinar, glósur o.fl., líklega frá Finnboga Rúti Valdimarssyni, 1929-1932?

Örk 2
Ræður, greinar, pislar, minnisblöð o.fl., líklega frá Finnboga Rúti Valdimarssyni, 1949-1987.

Örk 3
Kvæði, vísur, minnisblöð, uppskrifaður fróðleikur, jólakortalistar, mataruppskriftir, *Litla fréttablaðið,* prjónauppskriftir, leikfimisreglur o.fl., 1945-1998.

## Askja 6
*Bréfa- og málasafn, 1955-2003.*

Örk 1
Umfjöllun um landspestir, ungbarnadauða o.fl., greinar, ræður eða verkefni, án árs.

Umslag
Boðskort: Hulda Dóra Jakobsdóttir og Finnbogi Rútur Valdumarsson. Móttökur hjá forseta Íslands, ríkisstjórn, ráðherrum, borgarstjóra, sendiráðum, heimsóknir erlendra gesta o.fl., 1955-1992.

Umslag
Boðskort: Hulda Dóra Jakobsdóttir og Finnbogi Rútur Valdimarsson. Þing, fundir, leiksýningar, málverkasýningar, listsýningar, íþróttir, nafnspjöld o.fl., l955-1995.

Umslag
Nafnspjöld. Finnbogi Rútur Valdimarsson.
Umslög. Hulda Dóra Jakobsdóttir.
Umslög. Finnbogi Rútur Valdimarsson.
Bréfsefni. Finnbogi Rútur Valdimarsson.

Örk 2
*Hannibal Valdimarsson.*
Grafskrift, andlátsfregn í *Dagblaðið- Vísir*, 11. september 1991 bls. 28, minningargreinar í *Morgunblaðinu B- blaði* 11. september 1991 bls. 1-8 og *Dagblaðinu- Vísi* 14. september 1991.
Afrit af bréfi til Hannibals Valdimarssonar frá Hannesi Baldvinssyni, 12. ágúst 1962.
Feður og synir, grein í *Speglinum*, 38. árg. 5. tbl. 1. maí 1967, bls. 5.
Grein Garra: I Reykjavik burde man skamme seg, í *Þjóðviljunum* 13. febrúar 1972 bls. 5.

Örk 3
*Guðrún Valdimarsdóttir* (1897-1990) ljósmóðir.
Úrklippur úr blöðum: Afmælisgrein: Guðrún Valdimarsdóttir níræð, í *Morgunblaðinu* 14. nóvember 1987 bls. 24.

Viðtal við Guðrúnu í *Morgunblaðinu* 27. febrúar 1989, grein um dagvist á Dalbraut og mynd af Guðrúnu í *Þjóðviljanum* 30. september 1981.
Ljósrit, mynd og æviágrip Guðrúnar líklega úr bókinni *Ljósmæður á Íslandi*, bls. 222.
Ljósrit af viðtali við Guðrúnu í *Morgunblaðinu* 19. ágúst 1964 bls. 26-27.
Ljósrit af viðtali við Björgu Einarsdóttur um bókina *Ljósmæður á Íslandi* í *Morgunblaðinu* 3. júní 1964.
Jón V. G. Valdimarsson (1900-1988), grafskrift og minningargrein í *Morgunblaðinu* 8. júní 1988, bls.51 o.fl.

Örk 4
Ættfræði. Bréf, ýmsar ættartölur, minnisblöð, ættarskrár o.fl., 1973-2003.
Æviskrá Elísabetar Engilráðar Ísleifsdóttur, 2001.

## Askja 7
*Bréfa- og málasafn 1986-1998.*

Örk 1
Grafskrift. Finnbogi Rútur Valdimarsson, 29. mars 1989.
Handritað æviágrip, minningargreinar, samúðarbréf og kort.

Örk 2
Grafskrift. Hulda Dóra Jakobsdóttir, 6. nóvember 1998.
Útprentaðar minningargreinar.

Umslag
Ljósmynd tekin fyrir utan Kópavogskirkju. Verið að setja kistu í bifreið, án árs.

Umslag
Minningarskeyti og kort til fjölskyldu vegna andláts Huldu Dóru Jakobsdóttur, 1998.

*Gestabók*. Í hana er ritað: „21. október 1986. Til afa og ömmu á Marbakka. Frá barnabörnum“, 21. október 1986 til 6. nóvember 1998.

## Askja 8
*Bréfa- og málasafn, atvinnutengt o.fl.1929-1986.*

Örk 1
Skýrsla um hinn almenna menntaskóla í Reykjavík, 1929-1930.
Stúdentar frá Menntaskólanum í Reykjavík: Nafnalisti yfir stúdenta 1931, matseðill og aðgöngumiði 1946, matseðill 25 ára stúdenta 1956, bréf til 50 ára stúdenta, bréf og kvittanir vegna myndatöku 50 ára stúdenta og kort 1981, auglýsing um kaffi fyrir 50 ára stúdenta og eldri 1981, auglýsing um stúdentakaffi fyrir 50 ára stúdenta og eldri 1982, nafnalisti yfir 50 ára stúdenta og eldri 1982 og 1983, nafnalisti líklega frá 1986 o.fl.

Örk 2
*Alþýðublaðið. Finnbogi Rútur Valdimarsson var ritstjóri Alþýðublaðsins 1933-1938.*

Umslag. Bréf, kort, gjaldeyris- og innflutningsleyfi, reikningar, blaðaúrklippur o.fl., 1935-1947.
Umslag. Afrit af samningi milli Alþýðusambands Íslands og Steindórsprents h.f. um prentun Alþýðublaðsins í maí 1935, 2 eintök. Sundurliðun á skrifstofukosnaði Alþýðublaðsins 1934. Yfirlit yfir rekstur janúar til júlí 1934.
Bréf, pistlar o.fl. 1932-1935.
Lög Menningar- og fræðslusambands alþýðu, eitt blað án árs.
Tillaga til þingsályktunar um stofnun Menningar- og fræðslusambands alþýðu, 28. október 1937, afrit.
Bréf til Héðins Valdimarssonar frá ritstjórn Alþýðublaðsins, 4. október 1957, afrit.
Nefndarálit frá laganefnd um Alþýðusamband Íslands og Alþýðuflokkinn, án árs, afrit.
Umslag. Bréf frá Alþýðusambandi Íslands til ráðuneyta 1965, afrit og listar yfir miðstjórn Alþýðubandalagsins án árs, afrit. Kosningastefnuskrá Alþýðubandalagsins 1963, afrit. Greinargerð frá Alþýðubandalagi vegna framboðs 1967, afrit. Úrskurður frá yfirkjörstjórn 1967, afrit.
Örk 3
*Finnbogi Rútur Valdimarsson sat hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps 1946–1947.*

Fundargerðir Seltjarnarnesshrepps, 1946-1948, ljósrit.

Örk 4
*Finnbogi Rútur Valdimarsson sat í hreppsnefnd Kópavogshrepps frá stofnun hans 1948 til 1955, oddviti Kópavogshrepps 1948-1955, í bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar 1955–1962, bæjarstjóri Kópavogskaupstaðar 1955–1957. Hulda Dóra Jakobsdóttir var bæjarstjóri Kópavogskaupstaðar 1957 til 1962. Hún var kjörin bæjarfulltrúi Samtaka frjálslyndra og vinstri manna 1970 og sat í bæjarstjórn eitt kjörtímabil.*

Bréf 1960-1963
Ræður á bæjarstjórnarfundum o.fl. 1946-1980.
Úr sögu Kópavogs á liðnum öldum og hinni nýju sögur- frá 7. júlí 1946, líklega blaðagrein, án árs.
Ræða, líklega flutt af Huldu Dóru Jakobsdóttur 17. júní 1960, bæði handrituð og vélrituð.
Finnbogi Rútur Valdimarsson, ræða á síðasta bæjarstjórnarfundi sem hann sat vorið 1962, handrituð.
Skýrsla, flutt af Huldu Dóru Jakobsdóttur snemma árs 1962, á fulltrúarráðsfundi Óháðra kjósenda í Kársensskóla.
Afsalsbréf um heimild til Kópavogskaupstaðar að kaupa land jarðanna Digraness og Kópavogs, 22. ágúst 1957, afrit.

Örk 5
Fundargerð, 1. fundar í byggingarnefnd Félagsheimilis Kópavogs, 15. júlí 1951, afrit.
Fundargerð. 15. fundur bæjarstjórnar, Finnbogi Rútur Valdimarsson hættir störfum, 4. júlí 1957, ljósrit.
Finnbogi Rútur Valdimarsson, ræða flutt við opnun hluta af Félagsheimili Kópavogs, 1959. Finnbogi var formaður byggingarnefndar.
Ræða líklega flutt af Huldu Dóru Finnbogadóttur við opnun bíós í Félagsheimili Kópavogs, í mars 1959.
Ræða líklega flutt af Huldu Dóru Finnbogadóttur, 17. júní 1959.
Greinar, erindi og ræður á kosningafundum eða í blöðum, 1958 og án árs.
Fundarsköp fyrir bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar, 7. mars 1956.
Yfirlýsing af hálfu frambjóðenda óháðra kjósenda í Kópavogi við bæjarstjórnarkosningar, 2. október 1955.

## Askja 9
*Bréfa- og málasafn, atvinna, 1951-1995.*

Mappa
Fjárhagsáætlun Kópavogskaupstaðar árið 1960.
Bréf, líklega skýrslur eða ritgerðir, minnisblöð, úrklippur úr innlendum og erlendum blöðum.
Ritaðar fundagerðir um stofnun Félags um hagsmuna og menningarmál, sem hlaut nafnið Framfarafélagið Kópavogur o.fl., 1951-1978.
*Aðalskipulag Kópavogs vestan Elliðavatns* (drög),15. desember 1983.

Mappa
Úrklippur úr blöðum, um mál Kópavogs mars- september 1955.

Örk 1
*Kópavogskirkja. Hulda Dóra Jakobsdóttir átti sæti í byggingarnefnd kirkjunnar.*

Dagskrá aðalsafnaðarfundar 7. desember 1958.
Boðskort og ræða Huldu Dóru Jakobsdóttur þegar hornsteinn var lagur að Kópavogskirkju, 1961.
Bréfaskipti Huldu Dóru Jakobsdóttur og Högnu Sigurðardóttur o.fl., 1962-1972.
Ræða Huldu Dóru Jakobsdóttur við vígslu Kópavogskirkju, 16. desember 1962.

Örk 2
Lög fyrir Leikfélag Kópavogs, án árs.
Félagatal Kvenfélags Kópavogs, 1958.
Leikfélag Kópavogs. *Veðmál Mæru Lindar*, 2 aðgöngumiðar, 1959.
Kvenfélag Kópavogs. Boð í kvöldfagnað og aðgöngumiði, 1960.
Leikfélag Kópavogs. Bréf til Huldu Dóru Jakobsdóttur vegna árshátíðar Leikfélagsins, 1961.

Leikfélag Kópavogs. *Fínt fólk*, leikskrá, 1964.
Leikfélag Kópavogs. *Óboðinn gestur*, boðsmiði, 1966.
Leikfélag Kópavogs. *Öldur*, leikskrá, 1976.
Kvenfélag Kópavogs. *Norrænt kvöld*, söngskrá, 1976.
Kópavogsskólinn. *Afmælishátíð*, 1979, 2 aðgöngumiðar.
Leikfélag Kópavogs/ Kópavogsleikhúsið. *Gegnum holt og hæðir*, leikskrá, 1978-1979.
Símaskrá Menntaskólans í Kópavogi, 1979.
Sýningin *Kópavogur- Bærinn okkar* í Þingholtsskóla, sýningarskrá, 1982.
Leikfélag Kópavogs. *Óvæntur gestur*, leikskrá, 1984.
Kópavogskirkja. *Aðventukvöld Kópavogssafnaða*, efnisskrá 1987.
Lista- og menningarráð Kópavogs. *Sýning á verkum Gerðar Helgadóttur*, sýningarskrá og boðsmiði, 1988.
Félagsstarf aldraðra í Kópavogi. *Þorrafagnaður*, dagskrá, 1989.
Bókasafn Kópavogs 40 ára, bæklingur, 1993.
*Kópavogur: Ljósmyndasýning með sögulegu ívafi*, bæklingur, 1995.
*Jafnaðarmenn til forystu í Kópavogi*, kosningabæklingur, án árs, 2 bæklingar.
Tónlistarskóli Kópavogs. *Nemendatónleikar*, án árs.
Félagsmálastofnun Kópavogskaupstaðar, bæklingur, án árs.
*Grænir dagar í Kópavogi*, bæklingur, 7.-13. júní, án árs.
*Werkstätten fűr Glasmalerei*, bæklingur, án árs.

## Askja 10
*Bréfa- og málasafn, atvinna, 1960-1991.*

Örk 1
Dagblöð, blaðaúrklippur o.fl. um málefni Kópavogs,1960-1991.

*Kópavogskaupstaður: Byggð vestan fyrirhugaðrar Reykjanesbrautar*. Miðbæjarsamkeppni- teikningar í mars 1969.

Örk 2
*Ræður Huldu Dóru Jakobsdóttur, ritaðar og vélritaðar o.fl.*

Ræða eftir sigur Frjálslyndra og vinstri manna, 1970.
Ræða í útvarpsumræðum, 28. maí 1970.
Ræða á framboðsfundi 21. maí 1970.
Ræða á bæjarstjórnarfundi I, 26. júní 1970.
Ræða á bæjarstjórnarfundi II, 10. júlí 1970.
Ræða á bæjarstjórnarfundi, 14. ágúst 1970.
Ræða á aðalfundi Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, í nóvember 1970.
Blaðagrein í *Ný stefna: Málgagn félags frjálslyndra og vinstri manna í Kópavogi*, 1970 eða-1971.
Ræða á bæjarstjórnarfundi, 28. maí 1971.
Ræða á framboðsfundi til Alþingiskosninga, 9. júní 1971.
Ræða á bæjarstjórnarfundi, 16. júlí 1971.
Ræða á bæjarstjórnarfundi, 17. september 1971.
Ræða á bæjarstjórnarfundi við 1. umræðu fjárhagsáætlunar, í desember 1971.
Ræða á bæjarstjórnarfundi, líklega 1972.
Blaðagrein, „Horft um öxl“, í *Ný stefna*, í janúar 1972.
Ræða á bæjarstjórnarfundi, 10. nóvember 1972.
Ræða á bæjarstjórnarfundi, 1972.
Ræða, ódagsett.
Ræða á bæjarstjórnarfundi, 15. desember 1972.
Ræða á bæjarstjórnarfundi, 28. apríl 1972.
Ræða á bæjarstjórnarfundi, 14, apríl 1972.
Ræða eða punktar á bæjarstjórnarfundi, 19. janúar 1973.
Ræða á bæjarstjórnarfundi, 10. maí 1973.
Aðeins eitt loforð. Svar Huldu Dóru Jakobsdóttur við grein í *Bæjarspjalli Kópavogs*, án árs.
Ræða á bæjarstjórnarfundi líklega vegna fjárhagsáætlunar, án árs.
Leiðari í blaðinu *Ný stefna*, 1970.
Grein í blaðinu *Ný stefna*, í mái 1970.

Grein í blaðinu *Ný stefna*, maí 1974.
Samningar um að flýta hitaveitu og um Hafnarfjarðarveg…, grein í maí 1974.
Ræða á hverfafundum, 13.- 14.- og 15. maí 1974.
Ræða á fundi í Víghólaskóla, 16. maí 1974.
Ræða í sjónvarpi, 19. maí 1974.
Ræða í útvarpi, 23. maí 1974.
Ræða á síðasta fundi fyrir kosningar, 24. maí 1974.
Grein í blaðinu *Ný stefna*, um séra Gunnar Árnason, án árs.
Erindi eða ræða, líklega eftir Huldu Dóru Jakobsdóttur, án árs.
Ræða á bæjarstjórnarfundi, líklega eftir Huldu Dóru Jakobsdóttur, án árs.
Bréf til Huldu Dóru Jakobsdóttur, greinargerð um skólagarða, skýrsla úr Kópavogsskóla, umsóknir um vist á hjúkrunardeildum, um Lista- og menningarsjóð Kópavogs o.fl., 1961-1978.
Greinar o.fl., líklega ritaðar af Huldu Dóru Jakobsdóttur og Finnboga Rút Valdimarssyni, án árs.

Bæjarstjórn Kópavogs, 303. fundur, 26. maí 1978, hefti.

## Askja 11
*Bréfa- og málasafn, atvinna, 1951-1974.*

Örk 1
Endurskoðun varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna, drög að viðræðum, minnisblöð, *Foreign Report*, *Time,* blaðagreinar o.fl., 1951 og 1973-1974.

Örk 2
Nató og Bandarískur her. Auglýsing um varnarsamning milli Íslands og Bandaríkjanna, tillögur, erindi, o.fl., 1959-1973.

Örk 3
Listasafn Íslands. Breytingartillögur til laga um Listasafnið o.fl., 1961.

Örk 4
Húsnæðismál. Lög, minnisblöð, spurningalistar, blaðaúrklippur o.fl., 1965.

Örk 5
*Swisse Aluminium Limited.* Skýrsla ríkisstjórnarinnar til Alþingis og samningar, 1965.

Örk 6
*Útvegsbankinn. Finnbogi Rútur Valdimarsson var bankastjóri Útvegsbanka Íslands 1957-1972.*
Bréf, 1967-1970.

Örk 7
Bréf og skýrslur til og frá Sigurði R. Guðmundssyni efnafræðingi 1973 o.fl.
.
## Askja 12
*Bréfa- og málasafn, atvinna, 1954-1974.*
*Finnbogi Rútur Valdimarsson sat allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna 1956 og 1967.*

Örk 1
Ráðstefna sem Finnbogi Rútur Valdmarsson sótti í París, Ræða og ráðstefnugögn, 11.-12. desember 1954.

Örk 2
Sameinuðu Þjóðirnar. Ráðstefnugögn, skýrslur, yfirlýsingar, fyrirmæli, ályktanir, fundir, ræða sendinefndar, könnunarviðræður, minnisblöð, blaðaúrklippur o.fl., 1957-1974.
*Report of the Committee on the Peaceful Uses of the Sea-Bed and the Ocean Floor Beyond the Limits of National Jurisdiction*, volume VI, 1973.

## Askja 13
*Bréfa- og málasafn, atvinna, 1950-1973.*

*Utanríkisnefnd, Landhelgisnefnd o.fl.*

Mappa
Landhelgi Íslands. Bréf, fundargerðir o.fl., 1950-1960.

Mappa
Fiskveiðilandhelgi Íslands. Bréf, umræður á Alþingi, skýrslur, minnisblöð o.fl., 1960-1973.

*Iceland´s 50 Miles and the Reasons* why, blað, 1973.
*Islands Kampf um Seine Existenz*, blað, 1972.
*Fisheries Jurisdiction Case* (Federal Republic of Germany- Iceland), bæklingur, 1972.
*Fish and Ships: Why Britain should support Iceland´s 50 mile clamim*, hefti, 1973.
*Fish Jurisdiction United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland- Iceland*, 1973.
Blaðaúrklippur 1973.

## Askja 14
*Bréfa- og málasafn, atvinna, 1957-1977.*
*Utanríkisnefnd- Landhelgisnefnd o.fl.*

Örk 1
Um málflutning í landhelgismáli Íslendinga, greinargerð 26. apríl 1973, ályktanir, skýrslur, minnisblöð, blaðaúrklippur o.fl., 1957-1973.

Mappa
Bréf, minnisblöð o.fl., greinar úr *Congressional Record-* Senate og frá Mike Gravel, 1969-1977.

Örk 2
Viðræður Íslands, Færeyja og Belgíu, 1972.

## Askja 15
*Bréfa- og málasafn, atvinna, 1970-1976.*
*Landhelgisnefnd o.fl.*

Örk 1
Fundagerðir (ljósrit), bréf, greinargerðir, skýrslur, bókanir, minnisblöð o.fl., 1971-1976.

Fiskifélag Íslands. *Athugun á þróun og stöðu fiskveiða við Ísland- fyrri hluti*, skýrsla, júlí 1970.

### *Prentað mál*

## Askja 16
*Prentað mál- dagblöð og vikublöð 1930-1986.*

Örk 1
*Vikan- páskablað*. Í blaðinu er greinin Vígamaður í sófa: Finnbogi Rútur Valdimarsson í aldarspegli, 1962.
*Skutull*, 7. mars 1930.
*Skutull*, 27. febrúar 1932.
*Skutull*, 22. júlí 1932.
*Skutull*, 12. apríl 1935.
*Alþýðubandalagsblaðið*, 1. tbl. 1. árg. 9. maí 1967, 3 blöð.
*Nýja alþýðubandalagsblaðið*, 1. tbl. 1. árg. 11. maí 1967, 2 eintök.
*Nýja alþýðubandalagsblaðið*, 2. tbl. 1. árg. 17. maí 1967.
*Alþýðublaðið*, 35. árg. 107 tbl. 15. maí 1954.
*Alþýðublaðið*, 45. árg. 59. tbl. 11. mars 1964.
*Alþýðublaðið*, 218. tbl. 64. árg. 29. desember 1983.
*Alþýðublaðið*, 100. tbl. 67. árg. 29 maí 1986.
*Þjóðviljinn 50 ára* (1936-1966), sunnudagsblað, 155. tbl. 51. árg. 13. júlí 1986.
*Frjáls þjóð*, 35. tbl. 13. árg. 1964.

*Frjáls þjóð*, 17. tbl. 14. árg. 1965.

Örk 2
Blöð og blaðagreinar (innlent og erlent), 1934-1986.

## Askja 17
*Prentað mál 1930-2001.*

*Ullgemeine Boltswirtjchaftslehre*, 1930.
*Póstáætlanir fyrir Reykjavík*, október- desember, 1934.
*Handbók fyrir hvern mann um* kosningarnar, 1937.
*Yfirlit yfir samningagerðir og vinnudeilur þar sem úrslit hafa verið tilkynnt eða Alþýðusambandið hefir veitt aðstoð*, 1936-1938.
*The Second Great War: A Standard History*, 1940.
*Kosningahandbókin*, 1953.
Gunnar Tordarson. *LES EAUX TERRITORIALES D´ISLANDE EN CE QUI CONCERNE LA PÉCHE*, bók, 1953.
*Samþykktir hlutafélagsins Útsýn*, 1955.
Þorkell Sigurðsson. *Saga landhelgismáls Íslands og auðæfi íslenzka hafsvæðisins*, 1955.
*Kosningahandbókin*, 1956.
*Kosningahandbókin*, 1958.
*Alþingismenn* (alþingismannatal), 1959.
*Kosningahandbókin,* 1959, 2 eintök.
*Kosningahandbók Fjölvís*, 1959.
Garðyrkjufélag Íslands. *Garðyrkjuritið*, 1959.
*Fundur um kirkjumál í Reykjavíkurprófastsdæmi 18.-20. nóvember*, hefti, 1959.
*Hagfræðinefndin- erlend lán*, skýrsla, 5. febrúar 1958.
*Hagfræðinefndin- fjáröflun og fjármagnsþörf fjárfestingarsjóða og sérstakra framkvæmda*, skýrsla, 5. febrúar 1958.
*Handbók Utanríkisráðuneytisins*, 1960.
*Alþingismenn* (alþingismannatal), 1962.
*Búnaðarbanki Íslands*, ársreikningur, 1963.
*Seðlabanki Íslands*, ársskýrsla 1964.
Gylfi Gíslason. *Islandske Inflasjonsproblemer*, bæklingur, 1964.
*Byggingarfélag verkamanna í Reykjavík: Tuttugu og fimm ára*, bók, 1964.
*Fiskveiðisjóður Íslands*, hefti, 31. desember 1964.

Örk 1
Grafskriftir og minningagreinar, ýmsir, 1965-2001.

## Askja 18
*Prentað mál 1964-1995.*

*The Planning of a New Town*, bók, 1964.
*Kosningahandbókin*, 1966.
*Kosningahandbók Fjölvís*, 1967.
*Skýrsla um þátttöku Íslands á þrem þingum Sameinuðu þjóðanna 1967*, 1968.
*Udenrigsministeriets Tidsskrift*, 33/ 1968.
*Udenrigsministeriets Tidsskrift*, 35/ 1968.
*Ægir: Rit Fiskifélags Íslands*, 1969.
*Køges Bykerne*, bók, 1970.
*Skýrsla um ferð Steingríms Hermannssonar og Hannesar Jónssonar á fund Vísindaráðs Afríkuríkja í Ibadan*, 1.-4. nóvember 1971.
Jóhann Hafstein. *Landhelgismálið*, bæklingur, 1972.
*Finance and Development*, tímarit, 1972.
*World Fishing*, tímarit, 1973.
*Mál um fiskveiðilögsögu: Hið sameinaða konungsríki stóra Bretlands og Norður Írlands gegn Íslandi*, bók, 1974.
John McClintock o.fl. *Let´s Listen: Students Book*, 1974.
*Fréttablaðið*, 1. árg. 7. og 13. tbl., 1974

*DV fréttir*, 18. og 20. september 1974.
*Das kleini Liederbuch*, bók, 1975.
*Landsgrunnslögin*, hefti, 1948-1978.
*Hverjir eiga Ísland?: Stefnuyfirlýsing Alþýðuflokksins,* 1984.
*Íslensk frímerki*, hefti, 1995.

## *Bókhald*

### Askja 19
*Bókhald 1944-1985.*

Dagbókarfærslur, skattframtöl, laun, reikningsyfirlit, opinber gjöld, tryggingar, skuldabréf, hiti og rafmagn, reikningar o.fl.

### Askja 20
*Bókhald 1970-1983.*

Skattframtöl, laun, reikningsyfirlit, opinber gjöld, tryggingar, hiti og rafmagn, tékkhefti, reikningar o.fl.

### Askja 21
*Bókhald 1983-1996.*

Laun, reikningsyfirlit, opinber gjöld, tryggingar, skuldabréf, hiti og rafmagn, tékkhefti, reikningar o.fl.

## *Segulbandsspólur*

### Askja 22
*Segulbandsspólur 1959.*

Askja með tveim segulbandsspólum: Kosningafundur G- listans í Kópavogi, 22. október 1959.
Segulbandsspóla. Hljómleikar Sovétlistamanna, upptaka og prógram af tónleikum í Kópavogsbíó, 28. september 1959.
Segulbandsspóla: Komitas- kvartettinn- Sovét Armenía, upptaka og prógram af tónleikum í Félagsheimili Kópavogs, 3. júní 1959.
Segulbandsspóla: *Romeo og Julia*, án árs.
Segulbandsspóla: Franska, síða 1-3.

### Askja 23
*Segulbandsspólur 1971.*

Segulbandsspóla. Á miða sem er í botni kassans stendur: *Demonstration Tape- British Banking, James Firth. General Editor of the Special English Series: Peter Strevens,*1971.
Segulbandsspóla: *Franska,* síða 4-7.
Segulbandsspóla: *Franska, síða 8.*
Segulbandsspóla: Ómerkt, en á henni stendur nr. 1.
Segulbandsspóla: Ómerkt, en á henni stendur nr. 2.

## *Ljósmyndir*

### Askja 24
*Ljósmyndir 1913-1991.*

Umslag 1
Ljósmynd. Fjölskyldumynd, aftan á hana er ritað: Jakob Bjarnason Laugavegi 44 eða Skólavörðustíg 37. Frá vinstri: Jakob Bjarnason (faðir Huldu Dóru), Gunnar Jakobsson (bróðir Huldu Dóru), Margrét Bjarnadóttir (systir Jakobs), Hulda Dóra Jakobsdóttir og Guðrún Ármannsdóttir (móðir Huldu Dóru), án árs.

Umslag 2
Ljósmynd. Mynd af konu með stúdentshúfu, líklega Hulda Dóra Jakobsdóttir, án árs.
Ljósmynd. Efri huti myndar sem hefur verið rifinn, líklega Hulda Dóra Jakobsdóttir, án árs, 2 myndir.

Umslag 3
Ljósmynd. Mynd af Huldu Dóru Jakobsdóttur, án árs.

Umslag 4
Blaðaúrklippa. Mynd, fyrir neðan hana stendur: Matthías Á. Mathiesen, fyrsti þingmaður Reyknesinga ræðir hér við Finnboga Rút Valdimarsson fyrrum þingmann og Huldu Jakobsdóttur fyrrum bæjarstjóra, án árs. Finnbogi og Hulda eru fremst á myndinni.
Blaðaúrklippa. Mynd, fyrir neðan hana stendur: Undirbúningur heimsóknarinnar var á herðum starfsfólks sendiráðsins í Osló. Frá vinstri: Sigurður Hafstað, Auður Rútsdóttir, Börkur Karlsson, Elín Finnbogadóttir og Páll Ásgeir Tryggvason sendiherra, án árs.

Umslag 5
Ljósmynd. Myndir frá afmæli Huldu Dóru Jakobsdóttur, án árs, 6 myndir.

Umslag 6
Ljósmynd. Mynd af Huldu Dóru Jakobsdóttur og konu, án árs.
Ljósmynd. Lúðrasveit Kópavogs? að leika fyrir Huldu Dóru Jakobsdóttur og Finnboga Rút Valdimarsson fyrir utan heimili þeirra á Marbakka, án árs.

Umslag 7
Ljósmynd. Mynd af Huldu Dóru Jakobsdóttur og manni, án árs, 2 myndir.

Umslag 8
Ljósmynd. Finnbogi Rútur Valdimarsson, líklega tveggja ára.
Ljósmynd. Finnbogi Rútur Valdimarsson, líklega tekið um 1960.
Ljósmynd. Finnbogi Rútur Valdimarsson, án árs.

Umslag 9
Ljósmynd. Bekkjarbræður í MR, frá vinstri: Eiríkur Sigurbergsson, Finnbogi Rútur Valdimarsson og Bjarni Guðmundsson, líklega 1924 eða 1925.

Umslag 10
Ljósmynd. Tvær myndir af þrem mönnum. Á aðra myndina er ritað: „Rútur“, án árs.

Umslag 11
Ljósmynd. Séra Finnbogi Rútur Magnússon síðast prestur á Húsavík, ömmubróðir Finnboga Rúts Valdimarssonar, án árs.
Ljósmynd. Halldór Jakobsson, bróðir Huldu Dóru, á Skólavörðustíg 23, án árs.

Umslag 12
Ljósmynd. Frá hægri: Hulda Dóra Jakobsdóttir, Jakob Bjarnason, Kristinn Ármannsson, ? og Ármann Jakobsson, líklega um 1930.
Ljósmynd. Hulda Dóra Jakobsdóttir til hægri og Gunnar bróðir hennar til vinstri, líklega um 1930-1931.
Ljósmynd. Systkinin á Skólavörðustíg 23, frá vinstri: Guðrún, Hulda Dóra, Halldór, Ármann og Gunnar, 19. júní 1932.
Ljósmynd. Guðrún Jakobsdóttir hjá Fatabúðinni, sumarið 1934.
Ljósmynd. Hulda Dóra Jakobsdóttir fyrir miðju í Efnagerð Reykjavíkur, líklega um 1934.

Umslag 13
Ljósmynd. Hulda Dóra Jakobsdóttir við vígslu Kópavogskirkju 16. desember 1962.
Ljósmynd. Frá vinstri: Finnbogi Rútur Valdimarsson, Styrmir Gunnarsson og Halldór Jakobsson, líklega um 1965-1966.
Ljósmynd. Frá vinstri: Hulda Dóra Jakobsdóttir og Finnbogi Rútur Valdimarsson á níunda tug 20. aldar.
Umslag 14

Ljósmynd af ungum manni. Á miða með myndinni er ritað: Ásmundur Sveinsson, Laugaveg 51, Reykjavík Ísland, án árs.

Umslag 15
Ljósmynd. Mynd af manni líklega Jakob Bjarnason faðir Huldu Dóru, án árs.
Ljósmynd. Mynd af manni, án árs.

Umslag 16
Ljósmynd. Bekkjarmynd úr Barnaskóla Reykjavíkur, Hulda Dóra Jakobsdóttir sjötta frá vinstri í annarri röð, án árs.

Örk 17
Útprentuð mynd af Huldu Jakobsdóttur, án árs.
Útprentuð teikning af Finnboga Rút Valdimarssyni, án árs.
Útprentuð mynd af tveim ungum mönnum í morgunverði, án árs.

Umslag 18
Ljósmynd. Mynd af stúlku með barn, án árs.
Ljósmynd af hillu og vegg, 14. október 1990.

Umslag 19
Ljósmynd. Mynd af konu, aftan á myndina er ritað: *jeg og Hallgrímur Pétursson, hann sést bara ekki*, án árs.
Ljósmynd. Mynd af konu í sundlaug, aftan á myndina er ritað: *Hidda Gríms*, án árs.
Ljósmynd. Mynd af konu og dreng að vetri til, án árs.

Umslag 20
Ljósmynd. Mynd af þrem drengjum, án árs.

Umslag 21
Ljósmynd. Mynd af þrem konum, án árs.
Ljósmynd. Mynd af konu í upphlut, án árs.
Ljósmynd. Mynd af konu, án árs.

Umslag 22
Ljósmynd. Mynd af manni, án árs.
Ljósmynd. Mynd af manni, án árs.
Ljósmynd. Mynda af manni á fiskiskipi, án árs.

Umslag 23
Ljósmynd. Aftan á myndina er ritað: *Nýja þróin á Siglufirði við ríkisverksmiðjurnar í smíðum. Rúmar í sumar allt að 25.000 málum*, án árs.
Ljósmynd. Aftan á myndina er ritað: *Nýja þróin, J.H.*, án árs.
Ljósmynd. Mynd af Siglufjarðarkirkju, án árs.
Ljósmynd. Mynd af húsi líklega á Siglufirði, án árs.
Ljósmynd. Mynd af bóndabæ, án árs.

Umslag 24
Ljósmynd. Myndir af gömlum bæjum. Á eina þeirra er ritað: *Frá Núpstað*, mynd af Fossrétt á Síðu o.fl., án árs. Sent til Finnboga Rúts Valdimarssonar frá Birni O. Björnssyni.

Umslag 25
Ljósmynd. *Aftan á hana er ritað: Elliheimili Ísafjarðar. Þegar jafnaðarmenn höfðu komið upp hinu myndarlega sjúkrahúsi sínu var gamla sjúkrahúsið tekið til starfrækslu sem elliheimili*, án árs.

Umslag 26
Ljósmynd. Drengjahópur án árs. Aftan á myndina er límd önnur mynd af barni og á hana er ritað: *Sossen* líklega 1928.
Ljósmynd. Mynd af konu og manni. Aftan á myndina er ritað: *Konan gæti verið Sigríður Rokstad*, án árs.

Ljósmynd. Mynd af konu á svölum, án árs.
Ljósmynd. Mynd af þrem börnum, án árs.
Ljósmynd. Mynd af dreng, án árs.

Umslag 27
Ljósmyndir, Gætu verið teknar á ferðalagi, án árs, 4 myndir.

Umslag 28
Filmur, án árs.

Kodak umslag 29
Ljósmynd. Myndir af ungri stúlku, án árs, 2 myndir.

Kodak myndaalbúm
Ljósmyndir. Myndir af Styrmi Gunnarssyni o.fl., án árs, 5 myndir.

*Ljósmyndaalbúm Huldu Dóru Jakobsdóttur.*

Fremst í albúminu er örk. Á fremri hlið hennar er límdar tvær myndir: Efri myndin er af Jakobi Bjarnasyni (föður Huldu Dóru), Gunnari Jakobssyni (bróður Huldu Dóru), Margréti Bjarnadóttur (systur Jakobs), Huldu Dóru Jakobsdóttur og Guðrúnu Ármannsdóttur (móður Huldu Dóru).
Á neðri myndinni eru: Ármann Jónsson og Katrín Sveinsdóttir afi og amma Huldu Dóru Jakobsdóttur.
Á aftari hlið arkarinnar eru þrjár myndir: Tvær efri myndirnar eru af Huldu Dóru Jakobsdóttur 1940-gengur þá með Guðrúnu dóttur sína og Huldu Dóru um tvítugt. Neðri myndin er af Huldu Dóru líklega tveggja ára 1913.

Umslag
Bekkjarmynd. III. bekkur A úr Menntaskólanum í Reykjavík 1927-1928. Hulda Dóra Jakobsdóttir er önnur frá hægri í annarri röð.

Umslag
Ljósmynd. Bekkjarmynd úr Menntaskólanum í Reykjavík, líklega 1928 eða 1931. Hulda Jakobsdóttir er fjórða frá vinstri í fremstu röð.

Ljósmyndaalbúm síða 1

Umslag 1
Myndir af Huldu Dóru og bekkjarfélögum úr Menntaskólanum í Reykjavík. Á þær er ritað: Maí 1928, 3 myndir.

Umslag 2
Myndir úr ferðalagi Huldu Dóru og bekkjarfélaga úr Menntaskólanum í Reykjavik, 1. og 8. maí og í júní 1931, 12 myndir og tvær límdar í albúmið. Sumar myndirnar eru merktar.

Síða 2-3
Ekkert á síðu 2, en umslag merkt Huldu Dóru Jakobsdóttur á síðu 3.

Síða 4-5
Bekkjarfélagar frá Menntaskólanum í Reykjavík. Fagnaður líklega 1941 eða 1951. Konurnar tvær eru-frá vinstri: Elísabet Ísleifsdóttir og Hulda Dóra Jakobsdóttir.

Síða 6-7
Bekkjarfélagar frá Menntaskólanum í Reykjavík. Fagnaður, líklega 25 ára stúdentasafmæli 1956. Fremsta röð (á bls. 7) frá vinstri: ?, Þórunn Hafstein, Elísabet Ísleifsdóttir, Guðrún Hjaltalín, Hulda Dóra Jakobsdóttir, Þrúður og Anna Bjarnason.

Síða 8
Bekkjarfélagar frá Menntaskólanum í Reykjavík. Fagnaður, án árs.
Síða 9-11

Bekkjarfélagar frá Menntaskólanum í Reykjavík: Fagnaður 50 ára stúdentar. Á hópmyndum er Hulda Dóra Jakobsdóttir fyrst til hægri í fremri röð svo Sigurkarl Stefánsson, Anna Bjarnason, Einar Magnússon og Elísabet Ísleifsdóttir.

Síða 12
Stúdentakaffi 50 ára stúdenta og eldri frá Menntaskólanum í Reykjavík, haldið á Grund 8. janúar 1982.

Síða 13
Efri mynd: Stúdentakaffi 50 ára stúdenta og eldri frá Menntaskólanum í Reykjavík. Haldið á Grund. 8. janúar 1983.
Neðri mynd: Bekkjarsystkin úr Menntaskólanum í Reykjavík líklega frá 1991. Önnur frá vinstri er Elísabet Ísleifsdóttir við hlið hennar er Hulda Dóra Jakobsdóttir.

Síða 14
Fjórar myndir af Huldu Dóru Jakobsdóttur o.fl., án árs.

Umslag
Filmur og glerplata (brotin) með mynd af konu, án árs.

## *Teikningar, munir*

### Askja 25
*Teikningar, munir, 1937-1994.*

Umslag
Teikningar af Selárdalshöfn I og II 1937 og bátahöfn í Selárdal 1938.

Stúdentahúfa. Líklega húfa Huldu Dóru Jakobsdóttur.
Askja. Hin íslenska fálkaorða. Hulda Dóra Jakobsdóttir var sæmd orðunni á Bessastöðum, 1. desember 1994, sjá einnig kort í öskju nr. 3, örk 3.
*50. Conderence Interparlementaire, Bruxelles 1961*. Barmmerki Huldu Jakobsdóttur.
*50. Conderence Interparlementaire, Bruxelles 1961*. Barmmerki Finnboga Rúts Valdimarssonar.

Bréfamappa úr leðri. Innan í henni stendur: *H. J. 21. október 1981*.

Skráð í september til nóvember 2016,
Gréta Björg Sörensdóttir.